

Arnarlax ehf.  
Strandgötu 1  
645 Bíldudalur

Akureyri, 16. nóvember 2023  
UST202009-273/S.R.B.  
08.12.01

### **Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Arnarlax ehf. Gileyri**

Vísað er til umsóknar Arnarlax ehf. um framlengingu starfsleyfis þess að Gileyri í Tálknafirði. Tillaga að breyttu starfsleyfi rekstraraðila var auglýst þann 6. nóvember síðastliðinn og verður því ekki komið úr auglýsingu fyrr en núverandi leyfi fellur úr gildi. Fullnægjandi umsókn var samþykkt fullnægjandi 17. desember 2020.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 3. nóvember til og með 9. nóvember sl. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin. Umhverfisstofnun hefur ákveðið að framlengja starfsleyfi Arnarlax ehf. að Gileyri. Gildistími starfsleyfisins er til 2. desember 2023. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 2. desember 2024.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson  
**sviðsstjóri**

Steinar Rafn Beck Baldursson  
**sérfræðingur**